

BORGARRÁÐ 7. júlí 2022: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um samstarf Hopp og Strætó bs. - MSS22070055

Á síðustu dögum kom fram að rafskútufyrirtækið HOPP ætli að eiga í samstarfi við Strætó. Í því samstarfi verði markmiðið að samræma ferðaáætlun, nota sömu tækni til að greiða fyrir heildarferðina og samtengja ferð með rafskútu og strætisvagni. Hver verða áhrif af þessu samstarfi á kostnað farþega og leiðarkerfi Strætó? Hvernig mun þetta samstarf auka virði hins einkarekna fyrirtækis og möguleika þess á að greiða út arð af þessari almannaþjónustu? Mun kostnaður af þessu samstarfi valda því að skorið verði niður í annarri þjónustu Strætó á móti? Við þetta má bæta að það er langt því frá að allir hópar geti og treysti sér til þess að nota rafskútur. Þess vegna er mikilvægt að fá upplýsingar um hvort þetta samstarf verði á kostnað þjónustu þeirra.